



Ísafirði, 6. júlí 1993

Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Elínar Blöndal
Þórshamri við Templarasund

150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar 1. júlí s.l. var rætt um frumvarp til laga um fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga, sbr. bréf félagsmálanefndar frá 12. maí 1993.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Bæjarstjórn Ísafjarðar fagnar framkomnu frumvarpi um sérstaka fjáröflun til varnar ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga. Bæjarráð telur þó að áætluð tekjuaukning Ofanflóðasjóðs, samkvæmt frumvarpinu, muni vart nægja til að sjóðurinn hafi bolmagn til að fjármagna þær framkvæmdir sem nauðsynlegar verða taldar á næstu árum.

Greinargerð.

Hættumati vegna snjóflóða er nú lokið á nokkrum stöðum á landinu. Á nokkrum stöðum er hættumat í vinnslu. Annars staðar þar sem snjóflóðahætta er fyrir hendi verður án efa unnið hættumat á næstu árum. Þá má reikna með að hættumat vegna skriðufalla verði unnið á nokkrum stöðum á landinu í náinni framtíð. Strax og hættumat liggur fyrir munu íbúar gera kröfur um tafarlaugar varnaraðgerðir. Allar þessar framkvæmdir munu verða mjög kostnaðarsamar.

Með núverandi tekjustofnum er Ofanflóðasjóði ekki gert kleift að fjármagna nema lítinn hluta þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar teljast. Sveitarfélögin eru á engan hátt fjárhagslega í stakk búin að leggja til það fjármagn sem á vantar. Jafnvel fjármögnun 20% framkvæmda verður mörgum sveitarfélögum um megn. Benda má á að á næstu árum þurfa mörg sveitarfélög að fara út í kostnaðarsamar framkvæmdir til að uppfylla kröfur sem gerðar eru um úrbætur í vatns-, sorp- og frárennslismálum.

Ef takast á að verja byggðir samkvæmt því hættumati sem þegar er samþykkt og samþykkt mun verða á næstu árum, þarf meira fjármagn að renna til Ofanflóðasjóðs og sjóðurinn að hafa heimild til að fjármagna framkvæmdir í herra hlutfalli en í núgildandi lögum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Bæjarstjórnin
Smári Haldrupson,
bæjarstjóri.